

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiðar,
með síðari breytingum.**

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Umhverfis- og auðlindaráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa minka- og refaveiðimanna og verðlauna fyrir löglega unna refi og minka.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 7., 12. og 13. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 2. október 2014.

F. h. r.
Hugi Ólafsson.

Jón Geir Pétursson.